



Keilir

Tæknifræði

Þar sem tæknifræðinám Keilis fellur undir Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands fylgjum við þeim reglum sem þar gilda um lokaverkefni. Eftirfarandi reglur eru því byggðar á reglum Háskóla Íslands en hafa verið aðlagðar tæknifræðináminu.

Verkátun (Proposal)

Nemendur á 3. ári í BS námi í tæknifræði skulu leggja fram tillögu að lokaverkefni og verkátun (proposal) í samráði við leibeinanda sinn.

Frágangur

- BS ritgerðir á að prenta í stærðinni A4.
- Nemendur skulu fylla inn í sniðmátið viðeigandi upplýsingar. Leita skal að XX sem hluta af orði, þar sem það merkir atriði sem höfundur þarf að fylla inn í.
- Ritgerð skal rituð á íslensku eða ensku. Nota skal viðurkennda stafsetningu og texti skal vera á vönduðu og skýru máli.

Yfirlýsing

Svohljóðandi yfirlýsing skal undirrituð af nemanda:

Hér með lýsi ég því yfir að ritgerð þessi er samin af mér og að hún hefur hvorki að hluta né í heild verið lögð fram áður til hærri prófgráðu.

Skil og skilafrestir

Nemendur skulu skila **þremur** prentuðum lokaeintökum af BS ritgerð. Þau skulu vera með harðri kápu og límduðum kili og verða eintökin geymd á bókasafni Keilis, Þjóðarbókhöðunni og skrifstofu deildarinnar. Munið að láta prenta aukalega eintak/eintök fyrir ykkur sjálf.

Ritgerðina er hægt að prenta hjá Háskólaprenti eða öðrum prentsmiðjum er taka að sér prentun lokaverkefna samkvæmt **reglum** Háskólans.

Varnir á lokaverkefnum

Nemendur halda fyrirlestra þar sem þeir kynna og verja verkefni sín fyrir lokaskil. Fyrirlestrarnir eru almennt haldnir í byrjun júní og eru þeir auglýstir og opnir almenningi.

Plaköt

Nemendur skulu útbúa plaköt þar sem helstu aðferðir og niðurstöður rannsóknar eru tilgreindar. Plakötin eru sýnd við vörn verkefnis og eru einnig til sýnis við útskriftarathöfn. Þau þurfa því að vera tilbúin nokkrum dögum fyrir vörn

Uppsetning kafla í ritgerð

Útdráttur-Ágrip/abstract

Í ágripi skal greina stuttlega frá markmiði rannsóknaverkefnisins, geta helstu aðferða og segja frá helstu niðurstöðum og meginályktunum í stuttu máli.

Efnisyfirlit

Efnisyfirliti er lýst í sniðmáti.

Mynda- og töfluskrá

Mynda- og töfluskrá er lýst í sniðmáti.

Inngangur

Inngangur skal vera ítarlegur og gefa yfirsýn yfir það rannsóknasvið og/eða þróunarsvið sem verkefnið nær til. Þar skal greint frá tilgangi og bakgrunni verkefnisins, skýrt frá stöðu þekkingar á viðkomandi sviði, fyrri rannsóknum, stöðu þekkingar og samhengi verkefnisins við þær. Þá skal gerð grein fyrir þeim spurningum sem leitast er við að svara með verkefninu.

Efni og aðferðir

Hér skal greint frá efnivið verkefnis, efnum sem notuð voru og uppruna þeirra eftir því sem við á, þó er ekki nauðsynlegt að geta uppruna efna sem algeng eru í viðkomandi grein. Aðferðum skal lýst þannig að lesandi geti tileinkað sér aðferðina og endurtekið mælingu, prófun og/eða rannsókn með fullnægjandi hætti. Séu ferli eða aðferðir þegar þekktar skal vísað til heimilda. Ef ferli eða aðferð er breytt frá því sem lýst hefur verið skal gera skýra grein fyrir breytingunni. Nýjungum skal lýst ítarlega. Þá skal getið tölvuforrita sem notuð eru, til dæmis við tölfræðilega úrvinnslu. Aðferðafræði mælingar, prófunar og/eða rannsóknar skal að jafnaði vera í samræmi við það sem venja er á viðkomandi fræðasviði. Ef val á aðferðum getur orkað tvímælis skal það rökstutt.

Niðurstöður

Að jafnaði skal hér einungis greina frá niðurstöðum prófanna, rannsókna og/eða mælinga. Komið getur til greina að sameina niðurstöður og umræður í einn kafla.

Kappkostað skal að setja niðurstöður fram á skipulegan og skýran hátt, án málalenginga. Einungis skal skýrt frá því sem telja má staðreyndir. Niðurstöður skulu eftir því sem unnt er settar fram í formi taflna eða mynda og innihald þeirra skýrt og meginatriði dregin fram í texta. Myndir og töflur skulu settar inn í texta þar sem um þær er rætt. Myndir skulu vera skýrar og stórar, að jafnaði skeytt inn í skjalið rafrænt. Línurit skulu fullfrágengin þannig að ásar séu skýrt merktir og tákn skýrð. Myndatexti með númeri og heiti myndar skal fylgja neðan við hverja mynd og skal hann vera stuttur en þó lýsa viðfangsefni myndar á fullnægjandi hátt. Sama gildir um töflur, sem skulu vera skýrar og greinargóðar. Texti með númeri og heiti töflu skal fylgja.

Umræður/skil

Í þessum kafla er niðurstöðum gerð skil og þær ræddar og skýrðar. Gerð er grein fyrir einstökum og markverðum þáttum verkefnisins, þeir skýrðir og settir í samhengi. Gera skal grein fyrir ágöllum og óvissuþáttum eftir því sem við á. Ef við á eru niðurstöður bornar saman við niðurstöður annarra þróunarverkefna og/eða rannsókna og settar fram hugmyndir eða tillögur um frekari rannsóknir og/eða úrbætur.

Ályktanir/lokaorð

Hér eru settar fram í stuttu máli helstu ályktanir sem draga má af niðurstöðum rannsóknarinnar.

Heimildaskrá

Hvar sem vitnað er til heimilda í texta skal fylgja tilvitnun í heimildaskrá. Tilvitnun skal vera með viðurkenndum hætti og í samræmi við venjur á fræðasviði. Nota skal tilvitnanir með samræmdum hætti. Heimildaskrá getur verið annað hvort í stafrófsröð fyrstu höfunda eða í númeraröð. Sé skráin í stafrófsröð höfunda er vitnað til hennar með nafni höfunda(r). Komi nafnið fyrir í texta er ártal greinar haft í sviga aftan við nafn höfundar (eftirnafn erlendra höfunda): [Jón Sveinsson (1978)]. Að öðrum kosti er það haft með ártalinu innan sviga [(Jones, 1986), (Hall & Jones, 1996), (Sveinn Jónsson et al., 2002) eftir því hvort höfundar eru einn, tveir eða fleiri]. Sé heimildaskrá í númeraröð er vitnað til númers heimildar innan hornklofa í texta. Umsjónarkennari skal frá upphafi hafður með í ráðum um val á tilvitnanastíl. Mælt er með notkun heimildavinnsluforritis á borð við EndNote®.

Notkun efnis úr heimildum

Óheimilt með öllu er að nota efni, texta eða niðurstöður frá öðrum nema heimilda sé að fullu getið. Brot á þessu telst ritstuldur og er refsivert athæfi að lögum.

Viðauki eða viðaukar

Í viðauka má setja fram efni sem ekki á heima í megintexta ritgerðar, til dæmis ítarlegar töflur og línurit, nánari aðferðalýsingar og önnur frumgögn. Gögn þessi skulu skýrð með stuttum texta þannig að lesandi geti notfært sér þau ef þörf krefur.